

**Fundargerð samstarfsnefndar
Sambands íslenskra sveitarfélaga
og
Aðildarfélaga Starfsgreinasambands Íslands**

Fjarfundur var haldinn í samstarfsnefnd Sambands íslenskra sveitarfélaga og Starfsgreinasambands Íslands þann 15. janúar 2021.

Frá Starfsgreinasambandi Íslands: Björn Snæbjörnsson, Kolbeinn Gunnarsson, Hjördís Þóra Sigurþórsdóttir og Flosi Eiríksson.

Frá SNS: Inga Rún Ólafsdóttir og Berglind Eva Ólafsdóttir sem ritaði fundargerð.

Petta gerðist:

1. Dagvinna og afbrigðilegur vinnutími

Erindi frá Starfsgreinasambandi þar sem óskað er eftir umræðu um mögulega frestun á ákvæði um dagvinnu og afbrigðilegarn vinnutíma í kjarasamningi aðila. Þessi beiðni kemur fram vegna umræðu í verkefnisstjórn um styttingu vinnuvikunnar.

Niðurstaða:

Vegna erindis frá verkefnisstjórn um styttingu vinnuvikunnar um skilgreiningu á vaktavinnumanni og dagvinnumanni samþykkir að afturkalla gildistöku greinar 2.2.3 um dagvinnu og afbrigðilegan vinnutíma í kjarasamningi aðila, sem gildi tók 1. ágúst 2020 og fresta gildistöku hennar út gildistíma kjarasamnings aðila til 30. september 2023.

2. Erindi frá Einingu-löju um dagvinnustyttingu

Lagt var fram erindi frá Einingu-löju vegna túlkunar Akureyrarbæjar á því hvernig 13 mín. dagvinnustytting kemur við dagvinnufólk í heimaþjónustu A.

Niðurstaða:

Samstarfsnefndin er sammála um að vísa erindinu til innleiðingarhóps um styttingu vinnutíma dagvinnufólks til umræðu og afgreiðslu.

3. Tímavinnufólk (bókun 8)

Starfshópur samningsaðila vegna bókunar 8 um tímavinnufólk hefur verið að störfum fá því í haust. Aðilar eru sammála um að þetta er flókið og umfangsmikið verkefni sem mikilvægt er að klára sem fyrst.

Niðurstaða:

Samstarfsnefndin var sammála um fyrirkomulag á áframhaldandi vinnu starfshópsins næstu vikunnar og skiptir með sér verkum.

Fleira var ekki gert.

Fundi slitið.